

Stuðningsyfirlýsing við þingsályktunartillögu Pírata Mál nr. 143 Húsnæði Listaháskóla Íslands

Frá: Umhverfisnefnd Listaháskóla Íslands

4. apríl 2017

Umhverfisnefnd Listaháskóla Íslands lýsir yfir eindregnum stuðningi við þingsályktunartillögu Pírata um húsnæði Listaháskóla Íslands.

Það er staðreynd að margir starfsmenn og nemendur neyðast til þess að eyða ómældum tíma í ferðalög milli bygginga skólans sem staðsettar eru á víð og dreif um borgina og eins fer tími og fé í að senda tæknibúnað milli húsa skólans.

Ljóst er að með sameiningu skólans á einn stað yrðu þessi óumhverfisvænu ferðalög milli staða úr sögunni.

Umhverfisnefnd Listaháskóla Íslands

Anna Dröfn Ágústsdóttir
Karl Ágúst Þorbergsson
Hildur Bjarnadóttir
Ilmur Dögg Gísladóttir